

FUNDARGERÐ

302. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn með fjarfundabúnaði, Teams, miðvikudaginn 22. desember 2021 kl. 14:00.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Jónína Brynjólfsdóttir (JB), Skúli Björnsson (SB), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum eru fjarverandi: *Enginn*

Gestur fundarins er:

Magnús Jónsson (MJ), liður nr. 1.

Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

Dagskrá

- 1 Langtímafjármögnun – MJ mætir til fundar
 - 2 Gjaldskrár; hitaveita, vatnsveita, fráveita
 - 3 Eiðar – hitaveita?
 - 4 Jarðhitarannsóknir - ráðgjafi
 - 5 Vatns- og fráveita á Seyðisfirði – niðurstaða geiningar
 - 6 Fráveitustyrkir – staða
 - 7 Bætur vegna aurflóða - staða
 - 8 Samráð og tenging við sveitarstjórn
 - 9 Deiliskipulag hreinsistöðvar á Melshorni
 - 10 Verkefni – yfirlit
 - 11 Önnur mál
-

1 Langtímafjármögnun – MJ mætir til fundar

MJ kynnir umfang og niðurstöðu vinnu KPMG vegna langtímafjármögnunar HEF.

Heildarskuld HEF við lánadrottna var 31. ágúst síðast liðinn tæpar 600 Mkr.

Miðað við fyrirliggjandi gögn er það niðurstaða stjórnar að ekki verði hreyft við núverandi lánasafni félagsins.

Miðað við fyrirliggjandi fjárfestingaáætlun verður lánsfjárþörf 750Mkr. vegna ársins 2022, 700Mkr. vegna ársins 2023, 700Mkr. vegna ársins 2024 og 700Mkr. vegna ársins 2025.

Tilboð frá lánastofnunum eru fyrirliggjandi og samanburður valkosta yfirfarinn af MJ.

Umræður um valkosti og framtíðarsýn.

Framkvæmdastjóra og varaformanni stjórnar falið að eiga frekara samtal með að komu eiganda (Múlaþings) við Lánasjóð sveitarfélaga um lánamöguleika. Fjárþörf verði metin ítarlega og útgreiðslutími lánsins verði stilltur af innan hvers árs, 2022-2025 með tilliti til væntrar sjóðsstöðu.

2 Gjaldskrár; hitaveita, vatnsveita, fráveita

Gjaldskrár vatnsveitu og fráveitu hafa verið birtar í B-deild stjórnartíðinda, vatnsveita nr. 1481/2021 og fráveita nr. 1442/2021. Báðar taka gildi 1. janúar 2021.

Gjaldskrá hitaveitu er enn í afgreiðsluferli hjá ráðuneyti, sem gerir athugasemdir við hækkun hluta af fastgjalds / mælagjalds í drögum HEF. Að öðru leyti samþykkt af rn. Fyrir liggur að mælagjöld HEF eru verulega mikið lægri en veitna í sumum nágrannasveitarfélögum. Stjórn ákveður að falla frá hækkun mælagjalda stærri mæla umfram 15% sem rn. er tilbúið að samþykkja án málalenginga. Er þess vænst að gildistaka nýrrar gjaldskrá verði 1. janúar 2022. Stjórn reiknar með að gera frekari leiðréttingu á mælagjöldum í vor.

3 Eiðar – hitaveita

Vísað er til bókkunar á 301 fundi, #8.

Samráð hefur verið haft og fundir verið haldnir með nýjum eiganda Alpýðuskóla og fleiri fasteigna, ásamt stórum hluta lands á Eiðum. Eigandinn telur heitt vatn vera eina af mikilvægum forsendum fyrir uppbyggingu á staðnum. Framkvæmdastjóra falið að halda málinu áfram og halda áfram viðræðum við landeigendur í lagnaleiðinni og viðræðum við væntanlega notendur.

HEF óskar eftir áliti sveitarfélagsins varðandi uppbyggingu á Eiðum og nýtingu þess lands sem sveitarfélagið á þar. Enda er ljóst að þau áform geta haft áhrif á greiningu á væntanlegum notendum.

4 Jarðhitarannsóknir – ráðgjafi

AÐ hefur verið í sambandi við Stapa, Jarðfræðistofu um ráðgjöf við jarðhitaleit og -virkjun. Fyrir liggja drög að ramma um ráðgjöf vegna virkjunar við Djúpavog og í Eiðaþinghá. AÐ falið að halda málinu áfram.

5 Vatns- og fráveita á Seyðisfirði – niðurstaða greiningar

Fyrir fundinum liggja fyrir drög að greiningarskýrslu frá Eflu, verkfræðistofu. Lagt fram til kynningar. Stefnt er að útgáfu skýrslunnar fljótlega á nýju ári.

6 Fráveitustyrkir – staða

Styrkir vegna fráveituframkvæmda HEF 2020 og 2021 (t.o.m. 31. ágúst) hafa verið greiddir af Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. 20% af framkvæmdakostnaði.

Kostnaði vegna framkvæmda frá 1. sept. 2021 til ársloka þarf að skila til ráðuneytisins fyrir 15. janúar, skv. leiðbeiningum, en Samorka hefur óskað eftir fresti f.h. fráveitnanna.

7 Bætur vegna aurflóða – staða

Náttúruhamfaratrygging hefur greitt HEF bætur vegna tjóns á vatns- og fráveitulögnum á Seyðisfirði í desember 2020. Unnið er að gagnaöflun til Ofanflóðasjóðs vegna væntrar kostnaðarþátttöku sjóðsins í lagnavinnu vegna færslu árfarvega.

8 Samráð og tenging við sveitarstjórn

Stjórn áréttar mikilvægi þess að ná ítarlegu samtali við og kynningu fyrir fulltrúum í sveitarstjórn varðandi þau stóru mál sem fyrirbyggjandi eru, sem og þau sem nauðsynlegt er að taka ákvörðun um á næstu vikum, mánuðum og misserum.

9 Deiliskipulag hreinsistöðvar á Melshorni

Athugasemdir hafa borist við deiliskipulagstillögu HEF sem Snidda, Einar Ólafsson hefur unnið fyrir félagið. Athugasemd frá Vegagerð vegna nálægðar mannvirkja í deiliskipulaginu þarf að afgreiða eins hratt og möguleg er, svo áhrif á undirbúning byggingar hreinsistöðvar verði ekki til skaða. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram á þeim nótum sem rætt var á fundinum.

10 Verkefni – yfirlit

a. Deiliskipulag Djúpavogi

Skipulagssvið Múlaþings hefur hafið vinnu með ráðgjafa að minniháttar (ítarlegri) breytingu á aðalskipulagi vegna fráveituframkvæmda.

b. Varmaöflunargreining fyrir Seyðisfjörð

Greiningarvinna ráðgjafa er í undirbúningi. HEF mun leiða vinnuna fyrir hönd Múlaþings. Stefnt er á skil fyrir febrúarlok.

c. Ljósleiðari í dreifbýli á Fljótsdalshéraði

Blástur er búinn í Eiða og Hjaltastaðaðaþinghá.

Blástur er ca 90% búin í Skriðdal, stofninn komin alla leið, nema út í Vað og Sauðhaga. Heimtaugar líka búnar nema frá Úlfsstöðum að Litla-Sandfelli.

Tengingar eru byrjaðar, ganga hægt á 144 leiðara, eru að tengja stofn við tengivirki Eyvindará í dag. Tengingar húskassa eru að fara af stað samhliða.

Strengjakerfi er að stórum hluta tilbúið til tengingar, verktaki er byrjaður en mun þurfa nokkra mánuði til verksins.

d. Loftmyndir – samningur

Framkvæmdastjóri hefur undirritað samning við Loftmyndir um þjónustu um viðhald loftmynda fyrir Múlaþing í einn samning. Samningurinn innifelur aukna tíðni endurnýjunar lágflugsmýnda (þéttbýli). Einnig eru keyptar nokkrar þjónustugáttir í kortasjá:

- Seyra, sem heldur utan um tæmingu rotþróa,
- Tilkynningagátt til viðskiptavina með SMS skeytum

d. Önnur verkefni

Framkvæmdastjóri kynnir lista fleiri verkefna sem eru í vinnslu. Verður sendur fundarmönnum í framhaldi af fundinum.

11 Önnur mál

SB spyr um stöðu innleiðingar nýs bókhaldskerfis. AÞ skýrði stöðu og gang mála. Yfirfærsla verður 1. janúar 2022.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:49.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2021
